

## Framvinduskýrsla janúar – mars 2013

### Gerð kynningarefnis

Eitt mikilvægasta verkefni Markaðsstofunnar er að gefa út greinargott og vel uppfært kynningarefni um landshlutann og þá þjónustu sem þar er að finna.

Útgáfa **landshlutabæklingsins** er eitt stærsta verkefnið af þessu tagi. Hann er uppfærður árlega og kemur út á haustin. Á næstunni hefst vinna við að safna gögnum og afla upplýsinga frá öllum aðilum að MSS vegna uppfærslu og mögulegra breytinga fyrir bæklinginn 2013-2014, vinna úr svörum og skrá breytingar. Mesta vinnan er fólgin í að ganga frá skráningu gagna vegna nýrra aðila að MSS. Áætlað er að undirbúningi, umbroti, myndavali, yfirllestri og öðrum frágangi fyrir prentun verði lokið fyrir lok sumars en bæklingurinn á að koma út í tengslum við VestNorden sýninguna sem verður að þessu sinni haldin á Grænlandi í lok september.

Markaðsstofan lét á síðasta ári hanna tvískiptan **íkveikjubækling** í formi eldkeilu. Í meginblaðinu (eldkeilunni) eru kynntar ýmsar akstursleiðir um fjórðunginn ásamt afþreyingarmöguleikum á hverri leið um sig. Í innblaðið sem nú er búið að hanna fyrirmynd (prótótýpu) að geta hins vegar fyrirtæki og sveitarfélög, sem eru aðilar að MSS, prentað sitt eigið efni. Ætlunin er að kynna þar ferðapakka og annað kynningarefni sem notast er við á neytendasýningum.

Haldið hefur verið áfram vinnu við að byggja upp **myndasafn**. Sumar myndir eru keyptar í tengslum við útgáfu á kynningarefni og uppfærslu á heimasíðunni [www.south.is](http://www.south.is), en einnig höfum við lagt áherslu á að koma myndefni sem okkur er heimilt að láta til 3ja aðila á framfæri við fjölmiðla og þá sem eru að kynna fjórðunginn.

Vegna kynningarátaksins **Winter Wonderland** var prentað kynningarefni til að hvetja fólk til að deila upplifunum sínum og ævintýrum (Share your adventure) á Suðurlandi í gegnum snjallsímaforritið Instagram. Þetta kynningarefni var m.a. sent til allra aðila Markaðsstofunnar með bréfi þar sem starfsmenn voru hvattir til að deila myndum af sínu svæði ásamt því að hvetja ferðamenn til að gera slíkt hið sama. Þátttaka var góð og gefur tilefni til að fylgja betur eftir.



## Heimasíða átaksins [www.winterwonderland.is](http://www.winterwonderland.is)

Mikill tími hefur farið í framkvæmd verkefnisins Winter Wonderland og er árangur af því þegar farinn að koma í ljós. Hype markaðsstofa hefur annast rekstur og ut anumhald á heimasíðu átaksins. Í því felst m.a. að markaðssetja og kynna síðuna á veraldarvefnum og samfélagsíðunum Twitter og Facebook, en vinna við að kynna heimasíður og gera þeir sýnilegar á leitarvélum er mjög mikilvæg og fljót að skila árangri. Á tímabilinu 31. janúar til 28. febrúar voru um 5.000 heimsóknir á síðuna sem er mjög gott miðað við að síðan er aðeins búin að vera í loftinu í um þrjá mánuði.

Samið var við Brúarsmiðjuna almannatengslafyrirtæki um kynningarskrif inná heimasíðuna. Greinarnar eru birtar á blogginu og öðrum samfélagsmiðlum tengdum síðunni. Einnig hefur greinunum verið komið á framfæri við ýmsa fjölmiðla sem fjalla um ferðamál bæði innanlands og utan. Það hefur mælst mjög vel fyrir að fá sendar greinar beint úr héraði og margir haft samband við

Markaðsstofuna í tengslum við þær, oft til að afla upplýsinga til frekari skrifa.



Í þessu samhengi má einnig nefna að vinna við Suðurlandsgáttina [www.south.is](http://www.south.is) er alltaf í fullum gangi. Meðal verkefna sem unnið er að jöfnum höndum má nefna innsetningu á efni inná Facebook-síðu Markaðsstofunnar. Sama á við um uppfærslur á þjónustulistum og viðburðum í samvinnu við Upplýsingamiðstöð Suðurlands Hveragerði.

## Fjölmiðlar

Í samvinnu við ferðaþjónustuaðila í Ríki Vatnajökuls, Íslandsstofu og The Brooklyn Brothers í London tók Markaðsstofan þátt í móttöku fjölmiðla sem komu til Íslands í tengslum við markaðsátakið „Food and fun“. Þáttur Markaðsstofunnar fólst í að skipuleggja ferð til Hornafjarðar í samvinnu við heimamenn, kynna nýjungar í matvælaframleiðslu á svæðinu og helstu gisti- og afþreyingarmöguleika. Um 19 blaðamenn og ljósmyndarar tóku þátt í ferðinni sem tókst afar vel í alla staði.

Afar gott og öflugt samstarf hefur verið við landshlutablöðin og þau hafa virkilega lagt hönd á plóginn við að kynna og koma starfsemi Markaðsstofunnar á framfæri. Það skiptir miklu máli í starfi sem þessu að Markaðsstofan sé sýnileg heima í héraði og hafa landshlutablöðin stóru hlutverki að gegna í þeirri kynningu.

Mjög gott samstarf hefur tekist við starfsmenn ferðablaðsins Grapevine en það er miðill sem nær vel til yngri ferðamanna (kaffi latte-kynslóðar). Blaðamenn blaðsins hafa sýnt Suðurlandi sérstakan áhuga og eru opnir fyrir nýjum hugmyndum. Meðal þeirra var útgáfa sérstaks innblaðs um Suðurland, sem Markaðsstofan studdi við, en áform eru um að endurtaka slíka útgáfu á vor- og haustmánuðum.

Í janúar undirbjó Markaðsstofan ferðaplan um Suðurland fyrir þýska blaðamenn og útvegaði þeim viðmælendur, en undirbúningur og móttaka fjölmiðlafólks er stöðugt vaxandi þáttur í starfi MSS sem mikilvægt er að sinna vel til að upplifun þeirra á fjórðungnum okkar verði sem best í alla staði. Það er jákvæði þróun að Íslandsstofa leitar orðið í meira mæli stuðnings Markaðsstofunnar við gerð blaðamannaferða um Suðurland, en með því móti getur MSS stuðlað að því að miðla og dreifa blaðamönnum sem víðast um svæðið.

### **Sýningar**

Framkvæmdastjóri tók þátt í vinnustofu (work-shop) á vegum Íslandsstofu í **St. Pétursborg** um miðjan janúar. Suðurland fékk góða kynningu á fundinum en þar var einnig samið um að taka móti rússneskum agentum á Suðurlandi í vor í samvinnu við Ícelandair. Rússneskum ferðamönnum hefur fjölgað töluvert seinustu árin og fjölgar enn meir með tilkomu beina flugsins í vor. Þar er eftir miklu að slægjast enda eru þeir sá markhópur sem eyðir hvað mestum fjármunum meðan á dvöl þeirra stendur. Það er því mikilvægt að ná beint til söluaðila til að kynna þeim það sem við Sunnlendingar höfum uppá að bjóða.

Í byrjun árs hófum við undirbúning að þátttöku í sýningunni **Mid-Atlantic**. Sýningin var haldin eins og fyrri ár í Laugardalshöllinni í febrúar. Voru þrír starfsmenn í bás Suðurlands og fengum við mikinn fjölda viðmælenda. Við vorum tveir starfsmenn frá Markaðsstofunni, Ragnhildur Sveinbjarnardóttir og Davíð Samúelsson ásamt Eiríki Vilhelm Sigurðssyni frá Kötlusetrinu í Vík. Til að hafa fullan ávinning af svona kaupstefnum er mikilvægt að fylgja þeim vel eftir. Í því skyni hefur MSS haft fyrir sið að taka saman lista yfir alla viðmælendur á sýningunum og miðla upplýsingum um þá til ferðapjóna sem eru aðilar að MSS. Einnig skiptir máli að senda myndir og annað ítarefni um Suðurland til þeirra sem þess óska.

Í ár fór Steingerður Hreinsdóttir framkvæmdastjóri Kötlu jarðvangs sem fulltrúi MSS til Svíþjóðar þar sem hún tók þátt í ferðasýningunni Vildmarksmessan í Alfsjö í boði Ícelandair. Sýningin tókst ágætlega en þetta er annað árið sem MSS tekur þátt í sýningunni. Að dómi framkvæmdastjóra er þetta góður vettvangur fyrir okkur til að komast í tengingu við sænska markaðinn og styðja við landskynningu með Ícelandair í Svíþjóð.

### **Kynnisferðir um Suðurland**

Tvær FAM-ferðir hafa verið á þessu ári í samvinnu við flugfélagið WOW. Í lok janúar var farið í ferð með danska agenta um Suðurland. Ferðin tókst í alla staði afar vel og veður gott allan tímann. Ferðakaupendurnir voru vel móttíveraðir og innstilltir á að kynna sér Suðurland og hvað við höfum uppá að bjóða yfir vetrarmánuðina. Hinn FAM-hópurinn voru enskir agentar sem komu í lok febrúar. Veðrið var ekki eins gott og í fyrri ferðinni en ferðin tókst samt vel og var mikil upplifun þökk sé afþreyingaraðilum sem bjuggu til eftirminnilega og skemmtilega stemmningu.

Í báðum þessum ferðum var ferðapjónum sem eru aðilar að Markaðsstofunni gefinn kostur á að hitta kaupendurna á sérstökum vinnustofum (work-shops) sem haldnar voru á Hótel Selfossi og Hótel Hvolsvelli. Mæting var góð, enda eru ferðapjónar á Suðurlandi farnir að sjá tækifæri í þessum FAM-ferðum sem ódýra og skilvirka leið til að kynna vöru sína og þjónustu.

Það er mikill hugur í erlendum ferðakaupendum hvað varðar sölu á Íslandi og báðir hóparnir mjög innstilltir á að upplifa norðurljósinn á Suðurlandi. Af þeim sökum var sérstaklega gert út á norðurljósaveiði sem bar þó takmarkaðan árangur.

Undirbúningur að næstu kynnisferðum er þegar hafinn. Þar er um að ræða agentahópa frá Rússlandi og Frakklandi sem ætlunin er að komi í júní annars vegar og september hins vegar. Einnig er hafinn undirbúningur að dagskrá fyrir Post Tour í tengslum við VestNorden í haust.



Enskir agentar á Suðurlandi í febrúar 2013

## Fundir

Starfsmenn Markaðsstofu Suðurlands hafa reynt að sækja áhugaverða fundi og ráðstefnur eftir bestu getu. Mikil umræða og framboð hefur verið á fundum sem tengjast hvers kyns uppbyggingu í ferðamálum uppá síðkastið og því úr mörgu að velja.

Fundað er reglulega með kollegum í öðrum landshlutum. Þar hefur verið rædd áframhaldandi vinna við sameiginlega markaðssetningu „Ísland er með ´etta“. Framlag hvernar markaðsstofu verður í ár 1 milljón króna, en í verkefnið koma einnig peningar frá Ferðamálastofu og auglýsingasölu samtals um 9 milljónir þarf af verða notaðar 7,5 milljónir í birtingar til að kynna vefinn. Sérstaklega er hoft til ferðalaga utan háannar og að hvetja Íslendinga til ferðalaga innanlands og að nýta sér þá uppbyggingu sem hefur átt sér stað víða um land. Heimasíða verkefnisins er [www.islandermededtta.is](http://www.islandermededtta.is)

Ýmsir fundir, ráðstefnur og námskeið:

- Samráðsfundur aðila sem vinna að ferða-, atvinnu- og menningarmálum á Suðurlandi í Vík.
- Fundur um samvinnu um uppbyggingu fastra viðburða á Suðurlandi.
- Námskeið um smáframleiðslu matvæla og markaðssetningu þeirra.
- Fundir vegna Sóknaráætlun 2020

## Aðalfundur og stjórnarfundir

Reglulegir stjórnarfundir voru haldnir á því tímabili sem skýrslan tekur til.

Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands var haldinn á Hótel Hvolsvelli 19. mars. Góð fundarsókn var eða um 40 manns, mest fulltrúar ferðaþjónustufyrirtækja og sveitarfélaga á Suðurland. Kynntir voru ársreikningar Markaðsstofunnar og annáll fyrir árið 2012 og kosnir fulltrúar í stjórn Markaðsstofunnar fyrir næsta starfsár.

Þessir hlutu kosningu:

Ásbjörn Jónsson, Ferðamálasamtökum Suðurlands, Þórir Erlingsson, Ferðamálasamtökum Suðurlands, Anna Björg Stefánsdóttir, Ferðamálaaverkefningu Rúntað í Rangárþingi, Sigrún Kapítóla Guðrúnardóttir, Ferðamálasamtökum Suðausturlands, Gunnar Þorgeirsson, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, og Þorvarður Hjaltason, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga.

Á heimasíðu Markaðsstofunnar [www.markadsstofa.is](http://www.markadsstofa.is) er að finna fundargerðir og annað efni tengt aðal- og stjórnarfundum ásamt ársskýrslu fyrir árið 2012.



Myndir frá aðalfundi Markaðsstofu Suðurlands Hótel Hvolsvelli 19. mars s.l.

### Málþing um gjaldtöku á ferðamannastöðum

Í framhaldi af aðalfundi Markaðsstofu Suðurlands var haldið málþing sem bar yfirskriftina „Gjaldtaka á ferðamannastöðum“. Á mælendaskrá voru sex frummælendur:

- Anton Kári Halldórsson, skipulags – og byggingafulltrúi Rangárþings eystra. Hann fjallaði um **skipulagsmál** í sveitarfélaginu og samstarfsverkefni þess, m.a. um skipulag fyrir Suðurrhálendið.
- Kjartan Ragnarsson frá Landnámssetrinu í Borgarnesi fjallaði um **möguleika á náttúrupassa** fyrir erlenda ferðamenn sem leið til gjaldtöku í ferðaþjónustu.
- Garðar Eiríksson, fulltrúi Landeigendafélags Geysis, sagði frá reynslu þeirra við Geysi og hugmyndum að gjaldtöku við Geysi. Hann nefndi að **þeir ættu að greiða sem njóta** og að gjaldtöku væri **hægt að nýta sem tæki til stýringar, uppbyggingar og reksturs**.
- Rögnvaldur Ólafsson, forstöðumaður Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands, sagði frá rannsóknum sem hann og fleiri hafa verið að gera, m.a. að Fjallabaki. Hans þáttur hefur **aðallega verið að meta fjölda ferðamanna og hefur hann sett upp teljara víða til þess**. Þá kom fram í erindi hans að aðeins um 11 % tekna af ferðamönnum verður til í meira en 1 klst fjarlægð frá Reykjavík og Akureyri.
- Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, fór í sínu erindi aðeins yfir sögu þessarar umræðu um gjaldtökuna. Innan samtakanna snýst umræðan í dag um einhvers konar náttúrupassa. Erna nefndi einnig að eins og ferðaþjónustan hefur vaxið undanfarið hefur uppbygging innviða ekki gert það að sama skapi.
- Hallgrímur Lárusson, frá Snæland Grímsson, fór yfir ýmsar spurningar sem hafa verið áberandi í umræðunni. Hver á að borga? Fyrir hvað á að borga? Hver á að fá peninginn? Á að borga? Hallgrímur sagði þó það vera hagsmuni allra að hámarka tekjur af ferðamönnum.

Líflegar umræður sköpuðust eftir erindin þar sem ýmsum spurningum og vangaveltum var varpað á frummælendur auk þess sem aðrar hugmyndir um útfærslu á gjaldtöku voru viðraðar.

### Ýmis önnur verkefni

Starfsmenn Markaðsstofunnar verja að jafnaði töluverðum tíma í að svara alls kyns fyrirspurnum sem berast, oftast um almennar upplýsingar um Suðurland, áhugaverða staði, ferðaleiðir og gönguleiðir.

Einnig er mikil eftirspurn eftir upplýsingum, gögnum og myndum til að nota í blaðgreinar, blogg, nám, heimasíður og snjallsímaforrit eða til kynningarstarfs á vegum ferðaþjónustuaðila innanlands sem utan.

#### **Meðal verkefna framundan**

- **Pakkafundir í samvinnu við Háskólafélag Suðurlands, Mátis og ferðamálafulltrúa á Suðurlandi.**
- **Undirbúningur vegna FAM- og post-ferða**
- **Kynnisferð um Suðurland í vor fyrir innlendar upplýsinga- og bókunarmiðstöðvar**
- **Undirbúningur að þátttöku í vinnustofu (work-shop) Íslandsstofu í Skandinavíu**
- **Vinna við söfnun auglýsinga og gerð Suðurlandskorts og borðkorts**
- **Dreifing landshlutabæklings inná upplýsinga- og bókunarmiðstöðvar**
- **Vinna vegna Suðurlandskort og borðkorts**
- **Framkvæmd verkefnis í tengslum við Sóknaráætlun 2020**